

28.fundur hjá æskulýðs-og íþróttanefnd 6.maí 2008

Mættir eru:

Katrín Pálsdóttir, Rafn Rafnsson, Mattías A Þorgrímsson, Einar Gunnarsson, Ingi B. Ingason, María Kúld, Margrét E Ísleifsdóttir.

### 1. Skýrslur forstöðumanna.

Sundlaug. Útiklefar í biðstöðu, þjónustuhús á tjaldstæði í forgangi. Vilji til að klæða þakkant á íþróttamiðstöð. Hreinsa á sparkvöll, það koma verktakar að sunnan í það, tilboð komið. Jafnvel að skipt verði um net í mörkum á sparkvelli. Athuga viðgerð á parketi í íþróttahúsi, beðið hefur verið um kostnaðaráætlun. Beðið er eftir tilboði í brunavarnakerfi frá Skipavík. Heldur meiri aðsókn í sundlaug í ár en var á sama tíma í fyrra.

Félagsmiðstöð. Samfés 7.mars, gekk mjög vel. Lokakvöld Skarphéðins fór mjög vel fram. Ball var í X-inu í tengslum við árshátið grunnskólans, dansleikur í tengslum við sýningu á Tehúsinu. Búið að loka í vetur, en það eiga eftir að vera tónleikar. Svo verður sprelldagur í lok maí í tengslum við hinar félagsmiðstöðvarnar á nesinu, sem haldinn verður í Ólafsvík og endar með sameiginlegum dansleik. Mattías reiknar með að vera áfram næsta vetur, en María ekki.

### 2. Viðburðavika Vesturlands/listasmiðja.

Listasmiðja var í tengslum við viðburðaviku þar var boðið uppá leiklist, dans og grafík. Þátttaka var ágæt 25 börn. Heppnaðist vel.

Ungmennaráð hélt kaffihúsakvöld á Fimm fiskum, þar sem boðið var uppá fjármálafræðslu. Ekki meira í boði hjá ungmennaráði þennan veturinn

### 3. Önnur mál

Samningur hafði verið gerður við Kaupping, um að handhafar kortsins fengi frítt í sund, en samningnum verður rift þar sem bankinn vildi að korthafar borguðu stæstan hluta aðgangseyrisins sjálfir. Kanna þyrfti hvort að grundvöllur væri fyrir leikjanámskeiði, fyrir yngstu börnin í grunnskólanum.

Margrét Ísleifsdóttir  
Katrín Pálsdóttir